



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurbætur á öllum biðstöðvum strætó (US180454).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að borgin geri endurbætur á öllum biðstöðvum strætó sem eru víða í lamasessi.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra.

Umsögn:

Sumarið 2020 var gerð úttekt á aðgengismálum á biðstöðvum Strætó í Reykjavík og niðurstöður hennar kynntar á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. nóvember 2020. Sama dag samþykkti ráðið að skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar skyldi útbúa aðgerðaráætlun um úrbætur á stöðvunum og leggja fyrir skipulags- og samgönguráð næsta vor.

Í kjölfarið var útbúin aðgerðaráætlun og hefur skrifstofan kynnt tillögu að aðgerðum til að bæta aðgengi fyrir alla á biðstöðvum strætó í samræmi við fjárveitingu hvers árs. Fyrirséð er að staðsetning og útfærsla nokkuð margra biðstöðva mun breytast í tengslum við nýtt leiðakerfi strætó og borgarlínu. Því hafa aðgerðir fram til þessa að mestu leyti takmarkast við biðstöðvar sem ljóst er að verði áfram í notkun eftir breytingar á leiðakerfinu.

Tillaga að aðgerðum ársins 2021 og 2022 hefur verið kynnt og samþykkt af skipulags- og samgönguráði. Þann 28. apríl 2021 fyrir aðgerðir ársins 2021, hluti þeirra aðgerða er enn í vinnslu, og 6. apríl 2022 fyrir aðgerðir sem áætlað er að fara í í sumar.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*